



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
11. tbl. – nóvember 2017

Winter Wonderland sýning HRFÍ

Winter Wonderland sýning HRFÍ verður haldin helgina 24.-26. nóvember í reiðhöll Fáks í Víðidal. Glæsileg skráning er á sýninguna en samtals 831 hundur mætir í dóm yfir helgina.

Föstudagskvöldið 24. nóvember verður hvolpasýning Royal Canin sem hefst kl. 18.00, en þar keppa 161 hvolpur um titilinn "Besti hvolpur sýningar" í tveimur aldurs flokkum, 3-6 mánaða og 6-9 mánaða. Á sama tíma fer fram keppni ungra sýnenda þar sem 28 ungmenni eru skráð til leiks.

Alþjóðleg sýning fer svo fram á laugardag og sunnudag þar sem samtals 670 hundar mæta í dóm. Dómar munu hefjast kl. 9.00 báða daga og verður dæmt í fimm hringjum. Dómarar sýningar eru Frank Kane (Bretland), Gerard Jipping (Holland), Marija Kavcic (Slóvenía), Marie Thorpe (Írland) og Nils Molin (Svíþjóð).



Dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á hrfi.is.

Frá deildum HRFÍ

Ungmennadeild

Hundafimi í samstarfi við Íþróttadeild

Íþróttadeild HRFÍ í samstarfi við Ungmennadeild mun vera með kynningartíma í hundafimi fyrir börn og ungmenni sem hafa náð tíu ára aldri. Kynningartíminn verður í nóvember en nákvæm dagsetning verður auglýst fljótlega. Eftir áramót er svo planið að vera með námskeið í hundafimi fyrir meðlimi Ungmennadeildar og er óhætt að segja að við séum ansi spennt.

Sýningabjálfun

Sýningabjálfun á vegum Ungmennadeildar verður þriðjudagana 14. og 21. nóvember í reiðhöll Fáks í Víðidal. Skiptið kostar 500 kr. og minnum við á að mæta með sýningataum, nammi, dót og skítapoka með sér! Tímarnir eru eftirfarandi bæði 14. og 21. nóvember:

Kl. 18-19 – Ungir sýnendur

Kl. 19-20 – Litlir hundar

Kl. 20-21 – Stórir hundar

Íþróttadeild

Hundafimimót og Bronspróf

Næsta mót verður haldið laugardaginn 18.11. 2017, keppnin verður haldin í reiðhöll Andvara að Kjóavöllum keppni hefst kl 13:00 og er aðgangur ókeypis. Dómari mótsins er Ragnar Sigurjónsson Úrslit fyrri móta er að finna á heimasíðu deildarinnar hundafimi.is. Bronspróf verður einnig haldið á sama tíma en þar geta hundar sem ekki hafa lokið grunnnámskeiði öðlast þáttöku rétt í opnum tímum standist þeir prófið.

Opnir tímar

Opnir tímar deildarinnar eru haldnir á sunnudögum klukkan 17:30 . Nánari upplýsingar er að finna á hundafimi.is Tímarnir eru haldnir í reiðhöll Andvara að Kjóavöllum og geta þeir hundar sem hafa lokið grunnnámskeiði eða staðist bronspróf mætt í þá tíma.

Námskeið

Námskeið í hundafimi eru haldin reglulega yfir veturinn og er skráning hafin næsta námskeiðið. Námskeiðið er opið öllum hundum eldri en 1 árs, blendingum eða hreinræktuðum og hvort sem þið eruð félagsmenn í Hrfí eða ekki. Tekið er á mótí fyrirspurnum og skráningum á hundafimi@hotmail.com. Námskeiðið kostar 26.000 kr. skv. gjaldskrá HRFÍ. Upplýsingar sem þarf til

að skrá á námskeið er = Nafn, kennitala, sími, netfang, nafn hunds, aldur og tegund. Einnig eru haldnir kynningartímar reglulega og má finna upplýsingar um þá á hundafimi.is og facebook síðu deildarinnar.

Starfsmenn móta og nefndir

Íþróttadeild þiggur alla þá hjálp sem fæst og er ávallt að leita eftir starfsfólki á mótum deildarinnar. Kjörið tækifæri að kynnast hundafiminni betur hafir þú áhuga á íþróttinni. Einnig stendur til að virkja nefndir tengdar öðrum hundaíþróttum og vantar okkur sjálfboðaliða í þau störf. Hafir þú áhuga að bjóða þig fram hafðu þá samband við deildina á hundafimi@hotmail.com